Speglanir Steinunnar

Skúlptúr hefur gengið í endurnýjun lífdaganna uppá síðkastið og það er ekki sízt ungt fólk, sem telur að það nái listrænum markmiðum sínum betur með því að vinna í þrívídd. Nýbylgjan í málverkinu, sem hófst um 1980, verður naumast talin mikið nýmæli frá sjónarhóli sögunnar; aftur á móti hefur orðið þýðingarmikil gerjun í skúlptúr á sama tíma og sú gerjun byggist ekki á að endurgera það, sem fyrri tíma listamenn eru búnir að þróa og lyfta til vegs og virðingar. Þrátt fyrir örvæntingarfulla leit, verður árangurinn aðeins neo- þetta og neo-hitt.

Það sama verður ekki sagt um þróunina í skúlptúr og ugglaust er það einmitt þess vegna, að miklu fleiri ungir listamenn ákveða nú að verða myndhöggvarar en áður var. Það er orðinn álitlegur hópur í myndhöggvarafélaginu, þar sem Steinunn Þórarinsdóttir er formaður, og það væri synd að segja að verk þessa fólks séu innbyrðis lík og það er fróðlegt að bera stöðuna saman við það sem var fyrir 30 árum, þegar þeir voru svo að segja einir um hituna Ásmundur og Sigurjón.

Steinunn Þórarinsdóttir er nokkuð dæmigerð fyrir þá kynslóð ungra myndhöggvara, sem sýna okkur nýja möguleika þessa listmiðils, - ekki sízt með því að vinna jöfnum höndum úr málmum, gleri, tré og steinsteypu, svo eitthvað sé nefnt af því, sem nú telst til efniviðar. Það er líka síður en svo, að búið sé að afgreiða það gamla og klassíska steinhögg sem úrelt þing. Að vísu er Steinunn ekki enn komin að þeim punkti að taka upp hamar og meitil og ráðast á steininn. En hún hefur til þess góðan undirbúning, þar sem hún lærði að höggva í marmara í listaakademíinu í Bologna á Ítalíu, þar sem hún var við nám.

Áður hafði Steinunn verið við listnám í 5 ár í Portsmouth í Englandi; tók þaðan BA-gráðu í „Fine Arts“, sem þeir nefna svo, - þar á meðal skúlptúr. Hún fór þessa leiðina í stað hinnar hefðbundnu gegnum Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hún er fædd og uppalin í Reykjavík, dóttir Þórarins heitins Sveinssonar, forstjóra Slippfélagsins og konu hans, Ingibjargar Árnadóttur, fríkirkjuprests.

Steinunn kvaðst gera sér prýðilega vel ljóst, að það er vandkvæðum bundið að gera sér mat úr skúlptúr; hann hefur aldrei selst eins og heitar lummur og ólíku saman að jafna, hvað almenningur kaupir miklu frekar málkverk og nú í seinni tíð grafíkmyndir. Á þessu hefur þó orðið veigamikil breyting til batnaðar, segir Steinunn. Skúlptúr er farinn að seljast, einkum og sér í lagi sá, sem hægt er að hengja upp á vegg. Af einhverjum ástæðum er minni almennur áhugi á frístandandi skúlptúr. Hér gildir einnig það sama og í málverkinu, að skemmilegast er að ráðast í eitthvað stórt, - en lífsins ómögulegt að selja það. Það er að detta í lukkupottinn, þegar myndhöggvarinn fær pöntun frá opinberum aðila og verkið má vera stórt.

Þann lukkupott datt Steinunn í, þegar hún var beðin um stóran útiskúlptúr fyrir Sandgerðinga í tilefni afmælis Miðneshrepps. Hugmyndin vr einföld, segir Steinunn: Maðurinn gagnvart hafinu. Það hlýtur að teljast vel viðeigandi hugmynd á þessum stað, þar sem allir sækja afkomu sína í hafið. Eins og myndin, sem hér er prentuð gefur hugmynd um, sýnir Steinunn manninn gagnvart brimsköflunum, þessum náttúrukrafti, sem jafnframt er lífsháski. Andstæðurnar birtast í ryðfríu stáli í bylgjunum annarsvegar og mannsmyndinni, sem steypt er úr pottjárni og ryðgar lítið eitt til að byrja með og gefur hugmynd um það tímanlega gagnvart því varanlega, sem hafið er. Myndin heitir Álög og merkingin er sú, að það eru álög mannsins að verða að berjast við náttúruöflin; álög í merkingunni örlög.

Sandgerðingar voru ekki alveg sáttir við að maðurinn var nakinn; þeir hefðu heldur viljað hafa einhverjar fatatutlur utan á honum. En það var aðeins fyrst og nú munu þeir vera vel sáttir við verkið. Það leiðir hinsvegar hugann að því, að nekt í myndlist hefur löngum verið litin frekar óhýru auga á Íslandi. Þótt nakinn mannslíkami sé eitt elzta viðfangsefni myndlistarsögunnar, hefur sú skoðun eignast þegnrétt hér, að það sé einna helzt viðeigandi að sýna engla nakta, svo og goðkynjaðar persónur.

Margir myndlistarmenn hafa gerzt ákaflega innhverfir í seinni tíð; menn beina sjónum að sálartötrinu og þá frekar að þjáningunni en gleðinni. Þótt Steinunn fjalli um manninn í verkum sínum, þá viðurkennir hún ekki að þjáningin komi þar mikið við sögu; frekar séu þetta speglanir á ýmsu því, sem hún sér í kringum sig. Þessar speglanir hafa í seinni tíð fengið frjálslegri búning, segir listakonana; fantasían hefur setið í fyrirrúmi og mér sýnist að það sé í samræmi við tíðarandann. Það er skáldskapartíð í myndlist og þá fær fantasían að njóta sín.


Steinunn var borgarlistamaður 1986, eða með öðrum orðum: Hún var á listamannslaunum hjá Reykjavíkurborg það árið. Á eftir tíðkast að halda sýningu á afrakstrinum og það er Steinunn að gera nú. Hún hefur ágæta vinnustofu í Vesturbænum, enda veitir ekki af; myndhöggvari þarf að hafa hjá sér byrgðir af efni; Járn, stál og kannski fleiri málma. Einnig gler og kannski tré. Svo þarf rafsuðutæki og að sjálfsögðu margskonar verkfæri. Vinnustofa myndhöggvara er verkstæði.

Steinunn hefur þann háttinn á að vinna reglubundið í vinnustofu sinni eftir kl 1 á daginn. Stundum er hún þar framundir kvöld. Hún er jafnframt því húsmóðir og er heima við fram að hádegi. Eiginmaður hennar er Jón Ársæll Þórðarson, blaðamaður, og saman eiga þau fjögurra ára strák, sem er í leikskóla á meðan móðir hans hugar að listinni.

Það var freistandi að vera lengur í sólinni á Ítalíu, segir Steinunn. En leiðin lá heim, því hér vill hún helzt af öllu vera, þótt markaðurinn fyrir skúlptúr mætti vera betri. „Ég held að ég sé á réttri hillu“, segir hún, „að minnsta kosti veit ég ekki um aðra betri hillu“.


GÍSLI SIGURÐSSON

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning Steinunnar Þórarinsdóttur, myndhöggvara, sem hefur manninn fyrir megintema og vinnur úr ýmsum efnum verk, sem talizt geta táknræn fyrir þá grósku, sem nú ríkir í skúlptúr, bæði hér og erlendis.



Ljósmyndir: Sigurgeir Sigurgeirsson.

Steinunn Þórarinsdóttir við vinnu sína. - Verkin fjalla um manninn, en ekki endilega um þjáninguna -



Bið - nýr skúlptúr eftir Steinunni og er á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum.



Álög - stór skúlptúr úr málmi, sem Steinunn vann fyrir Sandgerðinga.